



Þjónusta fyrir eldri borgara í Laugardal og Háaleiti



Reykjavíkurborg

Efnisyfirlit

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis 2

Upplýsingar og ráðgjöf	2
Félagsstarf	2
Félagsleg heimaþjónusta	3
Tilbúinn matur	3
Heimsendur matur.....	3
Akstursþjónusta	4
Þjónustuíbúðir	4
Dagvist fyrir aldraða.....	5
Dvalar- og hjúkrunarheimili.....	6

Önnur þjónusta í Laugardal og Háaleiti 7

Heimahjúkrun	7
Bókasöfn	7
Sundlaugar.....	7
Heilsugæsla	8
Kirkjur	8
Önnur trúfélög	9

Aðrar gagnlegar upplýsingar..... 10

Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík 12

Félagsstarf í Reykjavík 12

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis


Síðumúla 39

Sími: 411 1500

Netfang: laugardalur.haaleiti@reykjavik.is

www.reykjavik.is/laugardalur

www.reykjavik.is/haaleiti



Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Upplýsingar og ráðgjöf

Í búar í Laugardal og Háaleiti geta leitað eftir upplýsingum og ráðgjöf í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis varðandi ýmis mál, s.s. fjármál, tryggingabætur, húsnæðisúrræði, vistunarmat og stuðning. Ráðgjöfin er ókeypis.

Félagsstarf

Félagsstarf fyrir Reykvíkings á öllum aldri er í boði í fjórtán félagsmiðstöðvum víðsvegar um borgina og í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Íbúar geta sótt þjónustu óháð því í hvaða hverfi þeir búa. Fjölbreytni í starfseminni er mikil. Sem dæmi má nefna myndlist, klúbbastarf, spilamennsku, skoðunarferðir, dans og leikfimi. Einnig eru ýmsir viðburðir árlegir og/eða tilfallandi, svo sem grillveislur, haustfagnaðir, þorrablot, dansleikir og leikhúsferðir.

Í Laugardal og Háaleiti eru þessar félagsmiðstöðvar:

- Norðurbrún 1sími: 568 6960
- Dalbraut 27sími: 411 2500
- Dalbraut 18-20sími: 588 9533
- Hæðargarður 31sími: 568 3132
- Sléttuvegur 11sími: 568 2586
- Furugerði 1sími: 553 6040
- Hvassaleiti 56-58sími: 535 2720

Ekki þarf að sækja fyrirfram um þátttöku í félagsstarfi. Hægt er að mæta á staðinn eða hafa samband símleiðis, sjá lista yfir félagsmiðstöðvar á bls. 12.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki annast heimilishald eða persónulega umhirðu hjálparlaust. Þjónustan er fyrir alla aldurshópa. Almenn þjónusta er veitt á daginn en hægt er að sækja um innlit eða styttri viðveru á kvöldin og um helgar ef þörf er á.

Þjónustan er margbreytileg og reynt er að mæta þörfum hvers og eins. Félagslegur stuðningur, hvatning og samvera eru mikilvægir þættir í starfinu. Jafnframt aðstoðar starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu við almenn heimilistörf. Starfsfólkið vinnur í nánun samstarfi við starfsfólk heimahjúkrunar þegar við á með það að markmiði að samþætta þjónustuna og veita betri þjónustu.

Sótt er um félagslega heimaþjónustu í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út af netinu og skila útfylltri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Vefslóðin er www.reykjavik.is.

Tilbúinn matur

Hægt er að kaupa heitan mat í hádeginu í félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Þar er einnig hægt að kaupa kaffi og meðlæti.

Sótt er um hádegisverð í félagsmiðstöðvum í Laugardal og Háaleiti með því að hringja í félagsmiðstöðina og panta með eins dags fyrirvara. Einnig er hægt að skrá sig í fæði ákveðna daga.

Heimsendur matur

Peir sem ekki geta annast matseld sjálfir og sjá sér ekki fært að fara í mat í næstu félagsmiðstöð geta fengið heimsendan heitan mat daglega.



Sótt er um heimsendan mat í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út af netinu og skila útfylltri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Vefslóðin er www.reykjavik.is.

Akstursþjónusta

Reykvíkingar 67 ára og eldri sem búa í heimahúsum geta fengið akstursþjónustu ef þeir eru ófærir um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar og hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Hámarksfjöldi ferða er 30 ferðir á mánuði.

Sótt er um akstursþjónustu í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út af netinu og skila útfylltri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Vefslóðin er www.reykjavik.is.

Þjónustuíbúðir

Þjónustuíbúðir eru ætlaðar fólki sem þarf meiri aðstoð og stuðning en hægt er að veita í heimahúsum en heilsufar er ekki orðið það slæmt að þörf er fyrir hjúkrunarheimili.

Í þjónustuíbúðum er m.a:

- Sólarhrings öryggis- og þjónustuvakt
- Þrif á sameign
- Fæði
- Félagsstarf
- Heimþjónusta

Leigjendur þjónustuíbúða greiða húsaleigu og þjónustugjöld í samræmi við íbúðarstærð og þjónustu.

Þjónustuíbúðir í eigu Reykjavíkurborgar eru á eftirtöldum stöðum:

Lönguhlíð 3.....	sími: 552 4161	Fjöldi íbúða: 33
Dalbraut 21 - 27.....	sími: 411 2500	Fjöldi íbúða: 64
Furugerði 1	sími: 553 6040	Fjöldi íbúða: 70
Lindargötu 57 - 66	sími: 411 9450	Fjöldi íbúða: 69
Norðurbrún 1	sími: 568 6960	Fjöldi íbúða: 60
Seljahlíð v/Hjallasel.....	sími: 540 2400	Fjöldi íbúða: 43
Pórðarsveig 1 - 5	sími: 587 2888	Fjöldi íbúða: 50

Sótt er um þjónustuíbúð í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út af netinu og skila útfylltri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Vefslóðin er www.reykjavik.is. Umsókninni þarf að fylgja læknisvottorð.

Dagvist fyrir aldraða

Dagvist er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum og þurfa meiri þjónustu en veitt er í félagsmiðstöðvum. Í dagvist er boðið upp á tómstundaiðju, hreyfipjálfun, fæði, hvíldaraðstöðu og aðstoð við böðun. Gestir eru sóttir að morgni og þeim ekið heim síðdegis.

Reykjavíkurborg rekur dagvist fyrir aldraða á tveimur stöðum:

- Vitatorgi, Lindargötu 57..... sími: 411 9466*
- Þorraseli, Þorragötu 7..... sími: 561 2828

Aðrar dagvistir fyrir aldraða í Reykjavík eru:

- Hlíðabær, Flókagötu 53..... sími: 562 1722*
- Eir, Hlíðarhúsum 7..... sími: 522 5700*
- Fríðuhús, Austurbrún 31..... sími: 533 1084*
- Múlabær, Ármúla 34..... sími: 568 1330

Beiðni um dagvist í Múlabæ og Þorraseli er beint til deildarstjóra viðkomandi dagvistar sem veitir frekari upplýsingar. Beiðni um dagvist fyrir Vitatorg, Hlíðabæ, Fríðuhús og Eir er beint til Minnismóttöku á Landakoti.

Á hjúkrunarheimilunum Droplaugarstöðum og Eir er möguleiki á að fá að leggjast inn í 2-5 vikur í einu. Sótt er um á viðkomandi stöðum.

* *Dagvist fyrir heilabilaða.*

Dvalar- og hjúkrunarheimili

Dvalar- og hjúkrunarheimili eru fyrir þá sem geta ekki búið sjálfstætt. Á dvalar- og hjúkrunarheimilum er sólarhringsþjónusta og öldrunarlæknisþjónusta. Einnig er hægt að fá þar sjúkra- og iðjubjálfun, fót snyrtingu, hárgreiðslu, hreyfipjálfun og böðun auk þess sem þar er hægt að stunda ýmis konar tómstundaiðju.

Pegar sótt er um dvalar- og hjúkrunarheimili þarf að liggja fyrir svokallað vistunarmat. Aðstæður umsækjanda eru skoðaðar með tilliti til heilsufars, félagslegra aðstæðna og fjölskylduaðstæðna. Skoðað er hvaða aðstoðar umsækjandi nýtur og hvernig honum gengur að bjarga sér við athafnir daglegs lífs, persónulega umhirðu og heimilisstörf.

Sótt er um vistunarmat í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis með því að fylla út umsókn þar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út af netinu og skila útfylltri í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Vefslóðin er www.reykjavik.is. Ennfremur er hægt að sækja um vistunarmat í félagsmiðstöðvum og hjá heilsugæslunni.

Dvalar- og hjúkrunarheimili í Reykjavík eru eftirfarandi:

Grund við Hringbraut (www.grund.is)sími: 530 6100.....Fjöldi plássa: 245
Hrafnista (www.hrafnista.is)sími: 585 9500.....Fjöldi plássa: 335

Hjúkrunarheimili í Reykjavík eru eftirfarandi:

Droplaugarstaðir
(www.droplaugarstadir.is)sími: 414 9500Fjöldi plássa: 82
Eir (www.eir.is).....sími: 522 5700Fjöldi plássa:173
Seljahlíð (www.velferdarsvid.is).....sími: 540 2400Fjöldi plássa: 28
Skjól/Laugaskjól (www.skjol.is).....sími: 522 5600Fjöldi plássa:109
Skógarbær (www.skogar.is)sími: 510 2100Fjöldi plássa: 81
Sóltún (www.soltun.is)sími: 590 6000Fjöldi plássa: 92
Víðines (www.hrafnista.is)sími: 563 8802Fjöldi plássa: 38

Dvalarheimili í Reykjavík er:

Fell í Skipholtisími: 562 1671Fjöldi plássa: 30

Önnur þjónusta í Laugardal og Háaleiti

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er stýrt frá Miðstöð heimahjúkrunar og þangað ber að skila umsóknum. Umsóknir er hægt að nálgast á netinu (www.heilsugaeslan.is) undir þjónusta/eyðublöð. Beiðni um heimahjúkrun verður að koma skriflega frá heilbrigðisstarfsmanni.

Miðstöð heimahjúkrunar

Álfabakka 16

Sími: 513 1300

Netfang: heimahjukrun@hhjuk.hg.is

Bókasöfn

Borgarbókasafn Reykjavíkur

www.borgarbokasafn.is

Sólheimasafn

Sólheimum 27

Sími: 553 6814

Netfang: solheimasafn@borgarbokasafn.is

Kringlusafn

v/Listabraut

Sími: 580 6200

Netfang: kringlusafn@borgarbokasafn.is

- Útlánaþjónusta - almenn útlán á bókum og öðru safnefni.
- Stofnanþjónusta - útlán á bókum til stofnana og þjónustuíbúðakjarna.
- Bókabíllinn - sími: 699 0316. Viðkoma við Sléttuveg 15, Hæðargarð 31, Furugerði 1, Bústaðakirkju, Norðurbrún 1, Hrafnistu, Dalbraut 18, Hátún 10 og Laugalæk v/Hrísateig.
- Bókin heim - heimsendingarþjónusta einu sinni í mánuði.

Sundlaugar

Reykvíkingar 67 ára og eldri fá frítt í sund.

www.itr.is

Laugardalslaug

v/Sundlaugarveg

Sími: 411 5100

Vatnsleikfimi fyrir eldri borgara.

Hreyfing

Víkin (Íþróttafélagið Víkingur)

Traðarlandi 1

www.vikingur.is

Almenn hreyfing og leikfimi fyrir eldri borgara.

Heilsugæsla

Upplýsingar um heilsugæslu er að finna á www.heilsugaeslan.is, hjá Upplýsingamiðstöð heilsugæslunnar í síma: 1700 eða hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í síma: 585 1300.

Heilsugæslan Efstaleiti

Efstaleiti 3

Sími: 585 1800

Netfang: heilsugaesla@efsta.hg.is

Heilsugæslan Efstaleiti þjónar íbúum á svæði sem afmarkast af Miklubraut í norðri, Fossvogi í suðri, Kringlumýrarbraut í vestri og Reykjanesbraut í austri.

Heilsugæslan Glæsibæ

Álfheimum 74

Sími: 599 1300

Netfang: heilsugaesla@glaesib.hg.is

Heilsugæslan í Glæsibæ þjónar íbúum Voga- og Heimahverfis.

Heilsugæslan Lágmúla

Lágmúla 4

Sími: 595 1300

Heilsugæslan í Lágmúla þjónar íbúum Laugarness og Múlahverfis.

Kirkjur

Upplýsingar um Þjóðkirkjuna er að finna á www.kirkjan.is eða hjá ellimálafulltrúa Reykjavíkurprófastsdæma í síma: 557 1666.

Bústaðakirkja

v/Tunguveg/Bústaðaveg

Sími: 553 8500

www.kirkja.is

- Samverustundir með helgistund, söng, handavinnu o.fl.
- Spil og kaffiveitingar.
- Akstursþjónusta fyrir þá sem geta ekki komið á eigin vegum.

Grensáskirkja

Háaleitisbraut 66

Sími: 580 0800

www.kirkjan.is/grensaskirkja

- Kyrrðar/fyrirbænastundir með léttum málsverði.
- Samverustundir með biblíulestri, bænastund, samræðum og kaffiveitingum.
- Hversdagsmessur með einföldu formi, kyrrð, bæn og íhugun.
- Vínheimsóknir.

Langholtskirkja

Sólheimum 13

Sími: 520 1300

www.langholtskirkja.is

- Samverustundir fyrir alla aldurshópa með m.a. helgistund, söng, handavinnu, bridds, vist og veitingum.
- Akstursþjónusta fyrir þá sem ekki komast á eigin vegum.

Laugarneskirkja

v/Kirkjuteig

Sími: 588 9422

www.laugarneskirkja.is

- Kvöldsöngur með lofsöng, bæn og kaffi.
- Kyrrðarstund með orgelleik og bænastund en að lokinni athöfn er boðið upp á léttan málsverð á kostnaðarverði.
- Samverustundir með helgistund, upplestri og kaffiveitingum.

Áskirkja

Vesturbrún 30

Sími: 581 4035

www.askirkja.is

- Samverustundir með hádegisbæn og veitingum.
- Hreyfing og bæn.
- Samsöngur undir stjórn organista.
- Heimsóknþjónusta.

Önnur trúfélög

Upplýsingar um önnur trúfélög á Íslandi má nálgast á upplýsingavef félagsmálaráðuneytisins um málefni fjölskyldunnar, www.fjolskylda.is

Aðrar gagnlegar upplýsingar

- **Alþjóðahúsið**, Hverfisgötu 18, sími: 530 9300. Þekkingar- og þjónustufyrirtæki á sviði fjölmeningar og mannréttinda. www.ahus.is
- **Blindrafélagið**, Hamrahlíð 17, sími: 525 0000. Blindrafélagið starfar að hagsmunamálum blindra og sjónskertra. Á hljóðbókasafni er hægt að fá leigðar hljóðbækur. www.blind.is
- **Búmenn húsnæðissamvinnufélag**, Suðurlandsbraut 54, sími: 552 5644. Félagasamtök um nýjar leiðir í húsnæðismálum eldra fólks þar sem allir fimmtugir og eldri geta gerst félagsmenn. www.bumenn.is
- **Félag aðstandenda Alheimersjúklinga**, Hátúni 10, sími: 533 1088. www.alzheimer.is
- **Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni**, Stangarhyl 4, sími: 588 2111. Hlutverk þess er að gæta hagsmuna eldri borgara auk þess sem félagið stendur fyrir ýmsu félagsstarfi s.s. kórastarfi, leiklist, dansi og bridds. www.feb.is
- **Heilsugæslan**, Álfabakka 16, sími: 513 1500. www.heilsugaeslan.is
- **Hjálparstarf kirkjunnar**, Vatnsstíg 3, sími: 562 4400. Hjálparstarf kirkjunnar veitir aðstoð allt árið. Sótt er um hjá prestum um allt land. www.help.is
- **Heyrnar- og talmeinstöð Íslands**, Háaleitisbraut 1, sími: 581 3855. Alhliða þjónusta við heyrnarskerta og þá sem eru með talmein t.d. læknisskoðun, heyrnarmæling, hlustarmóttaka, ráðgjöf við kaup á heyrnartækjum og viðgerðir á hjálpertækjum. www.hti.is
- **Kvennaathvarfið**, sími: 561 1205. Athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. www.kvennaathvarf.is



- **Landspítali Háskólasjúkrahús**, v/ Hringbraut, sími: 543 1000.
www.landspitali.is
- **Landssamband eldri borgara**, Borgartúni 30, sími: 535 6000.
Regnhlífarsamtök fyrir öll félög eldri borgara á landinu. Nú eru í sambandinu 53 félög með um 18 þúsund félagsmenn. www.leb.is
- **Landssamtök lífeyrissjóða**, Sætúni 1, sími: 563 6450.
Landssamtökin eru heildarsamtök lífeyrissjóða og hafa innan sinna vébanda 41 lífeyrissjóð. www.ll.is
- **Lögreglan í Reykjavík**, Hverfisgötu 113, sími: 444 1000. www.logregla.is
- **Rauði kross Íslands**, Efstaleiti 9, sími: 570 4000.
www.redcross.is
 - Heimsóknþjónusta
 - Hjálparsími: 1717
- **Samtök aldraðra**, Hafnarstræti 20, sími: 552 6410. Byggingarfélagið hefur umsjón með sölu íbúða í Bólstaðarhlíð 41-45, á Dalbraut 14-20, Aflagranda 40 og Sléttuvegi. Íbúðir eru ekki seldar nema til félaga í Samtökum aldraðra. Allir 60 ára og eldri geta gerst félagar.
- **Sjónstöð Íslands**, Hamrahlíð 17, sími: 545 5800.
Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra.
- **Slysavarnarfélagið Landsbjörg**, Skógarhlíð 14, sími: 570 5900.
Ráðgjöf og fræðsla um slysavarnir í heimahúsum. www.landsbjorg.is
- **Strætó BS**, Þönglabakka 8, sími: 540 2700. www.bus.is
- **Tryggingastofnun ríkisins**, Laugavegi 114, sími: 560 4460.
Auk ellilífeyrisgreiðslna og annarra greiðslna almannatrygginga er sótt þar um öryggishnapp og hjálpartæki. www.tr.is

Þjónustumiðstöðvar í Reykjavík

Sex þjónustumiðstöðvar í jafn mörgum hverfum Reykjavíkurborgar veita m.a. fjölskylduþjónustu og alhliða upplýsingamiðlun um þjónustu borgarinnar.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður,	Hjarðarhaga 45-47, ... sími 411 1700
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða,	Skúlagötu 21, sími 411 1600
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis,	Síðumúla 39, sími 411 1500
Þjónustumiðstöð Breiðholts,	Álfabakka 12, sími 411 1300
Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts,	Bæjarhálsi 1, sími 411 1200
Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður,	Langarima 21, sími 411 1400

Félagsstarf í Reykjavík

Dagskrá félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar er að finna á www.rvk.is undir *Hverfið mitt*. Einstaka viðburðir eru auglýstir í Morgunblaðinu – *staðurstund*.

Miðborg og Hlíðar

Bólstaðarhlíð 43	sími: 535 2760
Langahlíð 3	sími: 552 4161
Vitatorg, Lindargötu 59	sími: 411 9450
Vesturgata 7	sími: 535 2740

Laugardalur og Háaleiti

Norðurbrún 1	sími: 568 6960
Dalbraut 27	sími: 411 2500
Dalbraut 18-20	sími: 588 9533
Hæðargarður 31	sími: 568 3132
Sléttuvegur 11	sími: 568 2586
Furugerði 1	sími: 553 6040
Hvassaleiti 56-58	sími: 535 2720

Árbær og Grafarholt

Hraunbær 105	sími: 587 2888
--------------------	----------------

Vesturbær

Aflagrandi 40.....	sími: 411 2700
--------------------	----------------

Breiðholt

Árskógar 4	sími: 535 2700
Félagsstarf í Gerðubergi	sími: 575 7720

Grafarvogur og Kjalarnes

Korpúlfar, samtök eldri borgara	sími: 411 1400
--	----------------



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar
Þjónustuhópur aldraðra í Reykjavík

Símaver Reykjavíkurborgar: 4 11 11 11
www.reykjavik.is